



Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun

25. ágúst 2014 – 31. maí 2015

Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga
kl: 14:00—22:00

Föstudaga lokað.

Laugardaga og sunnudaga kl: 11:00—18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530

Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps
er opin mánudaga - föstudaga kl. 9.00 - 15.00

Sími 480-5500

www.gogg.is

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

Bingó

til styrktar ferðasjóðs 7.—8. bekkjar
Kerhólsskóla

verður á sumardaginn fyrsta
(fimmtudaginn 23. apríl)

í Félagsheimilinu Borg kl. 17.00

1. Spjald og kaffi kosta kr. 1.000,-

Aukaspjald kostar kr. 250.-





FUNDARGERÐ.

363. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 4. mars 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Gunnars Þorgeirssonar

Guðmundur Ármann Pétursson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. febrúar 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. febrúar 2015 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) 85. fundur Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, 26. febrúar 2015.

Mál nr. 15, 16, 17, 18, 19, 20 og 22 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 85. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 26. febrúar 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Gamla Borg
KAFFIHÚS OG VEISLUSALUR
Í HJARTA GRÍMSNESS



Prjónakaffi á Gömlu Borg

*Fyrsta þriðjudagskvöld í hverjum mánuði
kl. 20:00 er prjónakvöld á Gömlu Borg.*


Allir velkomnir og munið eftir prjónunum!



Saumaökompan Kringlu Grímsnesi

*Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur*

Elsa Jónsdóttir
Sími 486 4515



Til S Ö L U



Til sölu notaður ræstivagn, vagninn er í góðu lagi, stór skúringarfata, tvær aukafötur og góð pressa.

Verð kr. 25.000,-

Uppl. hjá Sirrý í síma 482-5520



Til sölu uppvottavél í góðu standi

Verð kr. 10.000,-

Uppl. há Hirti í síma 867-0408



Mál nr. 15: 1502077 - Brúnavegur 35: Ásgarður: Deiliskipulagsbreyting

Fyrir liggur erindi Sævars Péturssonar dags. 13. febrúar 2015 þar sem óskað er eftir skiptingu lóðarinnar Brúnavegur 35 í landi Ásgarðs, Grimsnes- og Grafningshreppi, í tvær 0,5 ha lóðir. Í upphaflegu afsali lóðarinnar kemur fram að heimilt sé að byggja tvö hús á lóðinni. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að gerð verði breyting á deiliskipulagi svæðisins á þann veg að lóðin Brúnavegur 35 verði skipt í tvær lóðir. Málið verður tekið fyrir að nýju þegar skipulagsgögn liggja fyrir.

Mál nr. 16: 1502080 - Kiðjaberg lóð 78: Byggingarreitur: Deiliskipulagsbreyting

Fyrir liggur ósk um breytingu á afmörkun byggingarreitar á lóð nr. 78 í Kiðjabergi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að breyting á byggingarreit lóðar nr. 78 verði hluti af endurskoðun deiliskipulags fyrir frístundabyggð í landi Kiðjabergs sem er til meðferðar hjá sveitarfélaginu.

Mál nr. 17: 1502052 - Ljósafossskóli sundlaug 168930: Umsókn um byggingarleyfi: Breyting

Fyrir liggur beiðni um að breyta sundlaugarhúsi í parhús, stærð hússins breytist ekki. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að falla frá grenndarkynningu, skv. ákvæðum 3. mgr. 44. greinar skipulagslaga þar sem framkvæmdin sem sótt er um varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda. Afgreiðslu málsins vísað til byggingarfulltrúa.

Mál nr. 18: 1502084 - Land starfsmannafélags Reykjavíkur: Útljótuvatn: Stækkun lóðar

Fyrir liggur erindi frá Útljótuvatni Fritímabyggð ehf./ Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 5. febrúar 2015 ásamt lóðarblaði sem sýnir afmörkun 2.678 fm skika úr landi Útljótvatns lnr. 170830. Um er að ræða lóð undir rotpró fyrir hluta sumarhúsa sem eru innan svæðis Starfsmannafélags Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að sameina þessa spildu við lóð Starfsmannafélagsins (lnr. 170944) sem stækkar þá úr 42,1 ha í 42,36 ha. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leyfa stofnun lóðarinnar og sameiningu hennar við land Starfsmannafélags Reykjavíkur.

Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 19: 1502082 - Hengill: Hjólaleið á afrétti Grafnings-
Fyrirspurn

Fyrir liggur erindi frá Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 10. febrúar 2015 þar sem óskað er eftir heimild til að merkja hjólaleið vestan við Hengil. Leiðin er innan þjóðlendu og liggur bæði í Grímsnes- og Grafningshreppi og Sveitarfélaginu Ölfus. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og skipulagsfulltrúa falið að leita samráðs við skipulagsfulltrúa Ölfus um málið.

Mál nr. 20: 1502054 - Villingavatn 170953: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús og gestahús.

Fyrir liggja breyttar teikningar á sumarhúsi þar sem hefur verið bætt við lagnarými í kjallara, húsið er óbreytt af öðru leyti. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að erindið verði afgreitt og vísar því til afgreiðslu hjá byggingarfulltrúa.

Mál nr. 22: 1502001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-02

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 24. febrúar 2015.

b) Fundargerð 9. fundar samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. febrúar 2015.

Mál nr. 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 9. fundargerð samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. febrúar 2015.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 4: Annað.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela samgöngunefnd að leggja fram drög að skýrari verklagsreglum varðandi klæðningu á heimreiðar og leggja fyrir sveitarstjórn.

Varðandi mál nr. 1, malbikun Búrfellsvegar þá vill sveitarstjórn taka undir bókun nefndarinnar að lýsa furðu sinni á að malbikun á Búrfellsvegi skuli ekki vera haldið áfram þar sem frá



Húsaleigubætur

Minum á að þeir aðilar sem þiggja húsaleigubætur í sveitarfélaginu þurfa að skila inn

staðfestu skattframtali 2015 og þremur síðustu launaseðlum sínum fyrir 17. apríl n.k. til skrifstofu sveitarfélagsins svo húsaleigubætur falli ekki niður.

Sveitarstjóri

Allar fundargerðir má finna inn á www.gogg.is

Þjónustuaðilar í Grímsnes- og Grafningshreppi
www.gogg.is



Minnum á styrk til framhaldsskólanema



Eins og undanfarin ár mun Grímsnes- og Grafningshreppur veita framhaldsskólanemum 16-20 ára, þ.e. fyrir 8 fyrstu annirnar eftir grunnskóla, styrk að upphæð kr. 30.000.-

Þeir aðilar sem vilja nýta sér þetta eru beðnir um að senda vottorð um skólavist fyrir vorönn 2015 sem allra fyrst til skrifstofu sveitarfélagsins.

Hægt er að senda staðfestingu á netfangið stina@gogg.is



Unglingavinna



Auglýst er eftir unglingum
14 til 16 ára (8.—10. bekkur) frá
8. júní til og með 17. júlí 2014
í vinnuskóla sveitarfélagsins.



Tekið er á móti skráningu á
Skrifstofu sveitarfélagsins
eða í síma 480-5500
til 20. apríl n.k.



Sveitarstjóri



Helgarvinna á gámastöðvum

Óskum eftir að ráða duglegan starfsmann í
helgarvinnu á gámastöðvar okkar í Bláskógabyggð
og Grímsnes– og Grafningshreppi í
maí, júní, júlí og ágúst 2015.

Verður að hafa bílpróf

Upplýsingar veitir sveitarstjóri
Grímsnes– og Grafningshrepps í síma 480-5500
eða á netfangið gogg@gogg.is

var horfið og klæðningu framhaldið frá Hæðarenda og til
vesturs.

c) Fundargerð 42. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. febrúar 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Ráðgjafasamningur við Concello ehf.

Á fundi sveitarstjórnar þann 4. febrúar s.l. var málinu frestað þar
sem sveitarstjóra var falið að ræða við forsvarsmenn Concello um
breytingar á samningnum. Umræddar breytingar á samningnum
hafa verið gerðar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggj-
andi samning og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir fyrir
hönd sveitarfélagsins.

4. Samstarfssamningur um notkun seyru til landgræðslu.

Fyrir liggja drög að samstarfssamningi milli Grímsnes- og
Grafningshrepps, Bláskógabyggðar Hrunamannahrepps, Skeiða-
og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Landgræðslu ríkisins um
notkun seyru til landgræðslu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða
fyrirliggjandi samning og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa
undir fyrir hönd sveitarfélagsins.

5. Bréf frá Félagsmiðstöðinni Borg þar sem óskað er eftir fjármunum til rekstrar félagsmiðstöðvarinnar.

Fyrir liggur bréf frá Herði Óla Guðmundssyni f.h. Félagsmið-
stöðvarinnar Borg þar sem óskað er eftir framlagi að fjárhæð
kr. 40.000 til reksturs á félagsmiðstöðinni. Sveitarstjórn samþykkir
samhljóða að veita umbeðið framlag. Hörður Óli Guðmundsson
vék sæti við afgreiðslu málsins.

6. Beiðni um styrk frá Guðmundi Pálssyni til verkefnisins „Undraland við Úlfjótavatnið blátt með augum Björgvins Magnússonar“.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Guðmundi Pálssyni að fjárhæð
kr. 250.000 til gerðar heimildarmyndar sem ber vinnuheitið

„Undraland við Úlfhljótsvatnið blátt, með augum Björgvins Magnússonar“. Verkefnið er meistaraþrófsverkefni í hagnýtri menningarmiðlun við Sagnfræði- og heimspekideild Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

7. **Bréf frá Jónu Heiðdís Guðmundsdóttur þar sem vakin er athygli á verkefninu „Virknimiðstöð fyrir fólk með geðröskun á Suðurlandi“.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Jónu Heiðdís Guðmundsdóttur, dagsettur 26. febrúar 2015 þar sem vakin er athygli á verkefninu „Virknimiðstöð fyrir fólk með geðröskun á Suðurlandi“. Lagt fram til kynningar.

8. **Bréf frá Innanríkisráðuneytinu vegna stjórnsýslukæru Jóns Péturssonar.**

Fyrir liggur bréf frá Innanríkisráðuneytinu, dagsett 10. febrúar 2015 vegna stjórnsýslukæru frá Jóni Péturssyni. Sveitarstjórn felur lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að svara bréfi ráðuneytisins.

9. **Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Þórsstíg 29, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 19. febrúar 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Þórsstíg 29, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að veitt verði rekstrarleyfi fyrir hluta eignarinnar þar sem það hefur verið mat sveitarstjórnar að heimilt sé að leigja út sumarhús í skipulögðum sumarhúsaðverfum í heild sinni. Leiga á einstökum herbergjum eða hluta fasteignar fellur undir heimagistingu eða gistiheimili sem ekki er talin heimil í frístundahverfum.

10. **Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Kerhrauni 5, Grímsnes - og Grafningshreppi.**

Sólheimakirkja í apríl 2015

Guðspjónusta sunnudaginn 19. apríl kl. 14:00

Sr. Birgir Thomsen þjónar fyrir altari og predikar
Ester Ólafsdóttir organisti leiðir almennan safnaðarsöng
Gaflarakórinn syngur við athöfnina
stjórnandi, Kristjana Ásgeirsdóttir
Meðhjálpari er Erla Thomsen

Verið öll hjartanlega velkomin í Sólheimakirkju



Aðalfundur Skógræktarfélags Grímsnesinga verður haldinn miðvikudaginn 22. apríl, kl. 20.00 í Gömlu Borg.

Efni fundarins:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Kaffiveitingar í boði félagsins
Nýir félagar hvattir til að mæta

F.h. stjórnar,
Ágúst Gunnarsson





Opið alla virka daga frá 10-14
eða eftir samkomulagi.

Túlípanar og kryddjurtir:)

Gróðrastöðin Ártangi er
á Sólheimahringnum.



694-8405



artangi@artangi.is



fylgdu okkur á facebook

FEDGAVERK
Jarðvinnuverktakar



Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur - jarðheflun
fólksflutninga, 6 og 11 farþega.

Erum með gröfur í stærðunum:
2,7 - 5,5 - og 24 tonn

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848-1123 og 868- 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk



Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 18. febrúar 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Kerhrauni 5, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

11. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Djúpahrauni 18, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 18. febrúar 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Djúpahrauni 18, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

12. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Þóroddsstöðum lóð 4, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 23. febrúar 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Þóroddsstöðum lóð 4, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

13. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Golfskálanum Öndverðarnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 25. febrúar 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Golfskálanum Öndverðarnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

14. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um seinkun klukkunnar og bjartari morgna, 338. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram.

15. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna), 339. mál.

Frumvarpið lagt fram.

16. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um farmflutninga á landi (aukið eftirlit, starfsleyfi ofl., EES-reglur), 503. mál.

Frumvarpið lagt fram.

17. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni (heildarlög, EES-reglur), 504. mál.

Frumvarpið lagt fram.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 162. stjórnarfundar 13.02 2015.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 825. stjórnarfundar, 16.02 2015.
- ✓ SÍBS blaðið, 1. tbl. 31. árg. 2015.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:20



Ræsting á Gistiheimili Sólheima fullt starf, hlutastarf, sumarstarf

Leitað er að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í einstöku samfélagi.

Helstu verkefni:

Allt sem til fellur m.a. ræsting herbergja og annara rýma, þrif á líni og létt viðhald.

Hæfniskröfur:

- ✓ Reynsla af ræstingum, metnaður, sveigjanleiki, jákvæðni og færni í samskiptum.
- ✓ Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en 15. apríl á netfangið **sesseljuhus@solheimar.is**.

Frekari upplýsingar eru veittar í síma 422 6080

Nánari upplýsingar um starfsemi Sólheima er að finna á vef Sólheima www.solheimar.is.

Sólheimar hafa starfað að mannrækt, umhverfis- og menningar- málum í 85 ár. Í byggðarhverfinu Sólheimum búa og starfa um 100 manns. Rekin er fjölþætt atvinnustarfsemi með garðyrkju- stöð, skógræktarstöð, verslun, kaffihúsi, bakaríi, matvinnslu, jurtastofu og gistiheimili. Á staðnum eru fimm mismunandi listasmiðjur, leirgerð, kertagerð, vefstofa og smíðastofa. Menningarstafssemi er fjölþætt og á Sólheimum er listhús, sýningarsalir, höggmyndagarður, trjásafn, kirkja, fræðasetrið Sesseljuhús og íþróttaleikhús.

Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta

í samstarfi við



Lokakvöld Uppsveitadeildar Loga, Smára og Trausta verður haldið föstudagskvöldið 17. apríl kl. 19:45 í Reiðhöllinni á Flúðum.

Þá hefst keppni í tölti og fljúgandi skeiði. Keppni knapa er mjög spennandi og lítill munur á milli þeirra. Tveir efstu knaparnir eru jafnir að stigum, þeir Arnar Bjarki Sigurðarson og Bjarni Bjarnason. Lokakvöldið sker úr um sigurvegara Uppsveitadeildarinnar 2015, bæði í einstaklingskeppni og í liðakeppni. Við hvetjum fólk til að mæta og styðja sín lið í lokakeppninni.

Staða efstu knapa er þessi:

1. - 2. Arnar Bjarki Sigurðars.	47	Hrosshagi/Sunnuhvoll.	108,5
1. - 2. Bjarni Bjarnason.	47	Arion banka liðið.	94,5
3. Hulda Finnsdóttir.	41	Þórisjötnar	90
4. Árný Oddbjörg Oddsd.	37	Gamli og guttarnir	85
5. Hermann Þór Karlsson.	35	Landstólpi.	67,5
6. Finnur Jóhannesson.	33,5	Forsæti.	56
7. Jón Óskar Jóhannesson	33	Jáverk.	50
8. Sigurbjörg Bára Björnsd.	32,5	Kílhraun.	48,5
9 - 10. Guðjón Sigurliði Sig.	25,5		
9.- 10. Þorsteinn G. Þorst.	25,5		

Staða liðakeppninnar er þessi:



FUNDARGERÐ.

364. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 18. mars 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Gunnars Þorgeirssonar

Guðmundur Ármann Pétursson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. mars 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. mars 2015 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 4. fundar veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 9. mars 2015.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 4. fundargerð veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 9. mars 2015 ásamt minnisblaði Tæknisviðs Uppsveita.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Kiðjaberg/Hestur.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að farið verði í lagningu á hitaveitu að Kiðjabergi og Hesti að því gefnu að 130 notendur greiði stofngjald fyrir lok maí n.k. Einnig greiði notendur þriggja ára notkun fyrir 15. mars 2016. Miðað er við að framkvæmdum ljúki eigi síðar en í árslok 2016. Ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélagið leggi til fjármuni í framkvæmdina á árinu 2015 en gert hefur verið ráð fyrir framkvæmdinni í fjárhagsáætlun ársins 2016.

b) Fundargerð 43. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 5. mars 2015.

Mál nr. 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 43. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 5. mars 2015.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 4: Skýrsla Capacent.

Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum gegn einu atkvæði, Harðar Óla, að Kerhólsskóli verði heildstæður skóli upp í 10. bekk.

Hörður Óli Guðmundsson bókar eftirfarandi:

Samstarf í skólahaldi hefur gengið vel hingað til og er það miður ef ekki verður slíkt áfram. Helst eru það tengsl nemenda og foreldra sem rofna við þessa breytingu. Félags- og tómstundastarf unglinganna kemur því til með að breytast, breidd valgreina hverfur alveg, hópar minnka mikið og tengsl við nágretta samfélög rofna.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að þessi breyting taki gildi haustið 2015 þ.e. að núverandi 8. bekkur klári sína skólagöngu í Kerhólsskóla. Núverandi 9. bekkur klári sína skólagöngu í Bláskógaskóla.



Kosningaréttur kvenna 1915

Manst þú eftir umræðum eða frásögnum úr þínu ungdæmi um það þegar konur fengu KOSNINGARÉTT?

Ertu til í að deila því með okkur og jafnvel koma minningunum á prent.

Okkur í Kvenfélagi Grímsness þætti vænt um að fá að heyra það sem þú hefur að segja.

Vinsamlega hafið það í huga að minningar ykkar eru okkur sem fjársjóður.

Vinsamlega hafið samband í síma

4821121, gsm 8416856 Guðrún Ásgeirsdóttir og

4821737, gsm 8692083 Sigríður Björnsdóttir.

Leikhúsferð hjá Kvenfélagi Grímsneshrepps

Fimmtudaginn 16. apríl er fyrirhuguð leikhúsferð fyrir kvenfélagskonur.

Við ætlum að sjá **Edduna Líf og list Eddu Björgvinsdóttur**.

Sýningin hefst kl. 20 og miðaverð er mjög hægsætt eða 300-0 kr.

Fyrir sýningu ætlum við að hittast hjá Siggu í Huldulandi 5 og snæða saman súpu. Sú stund hefst kl. 18.20.

Við smölum saman í bíla fyrir Grímsneskonur og leggjum af stað frá Félagsheimilinu Borg kl. 17.15.

Sætið í bæinn er 1000 kr.

Vinsamlegast pantið sem fyrst og í síðasta lagi 8. apríl

Miðapantanir hjá:

Önnu Margréti s: 846-1935 eða

annamargret@kerholsskoli.is

Sigga s: 868-4792 eða brandurmat@internet.is



Fyrir hönd skemmtinefndar Anna Margrét og Sigga



Kvenfélagskonur athugið!

Vorfundurinn verður haldinn
þriðjudaginn 19. maí – takið daginn frá.

Nánar auglýst síðar
Stjórnin

Takk fyrir komuna :)

Kvenfélag Grímsnes þakkar þeim fjölmörgu sem mættu á
Páskabingóið sem haldið var mánudagskvöldið 31. mars
síðast liðinn.

Allur ágóðinn rennur í Sjóðinn góða hjá
Rauða Krossinum.

Hlökkum til að sjá ykkur á Grímsævintýrum 8. ágúst :)



Sveitarstjórn leggur áherslu á að huga sérstaklega að félags-
starfi samhliða þessari breytingu og beinir því til fræðslu- og
æskulýðs- og menningarmálanefndar að koma með tillögur til
sveitarstjórnar um fjölbreyttar leiðir til eflingar félagsstarfs
barna og unglinga í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að horfa til
skýrslu Capacent sem var unnin upp úr skólaþinginu og huga
sérstaklega að tengslum og samvinnu við nágrannasveitarfélög.

3. Annáll ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu.

Fyrir liggur annáll ársins 2014 frá ferðamálafulltrúa Uppsveita
Árnessýslu, Ásborgu Arnþórsdóttur um störf sín á árinu 2014.
Annállinn lagður fram til kynningar.

4. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats Neðan-Sogsvegar 45, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 9. mars 2015 þar
sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats
Neðan-Sogsvegar 45, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt
fram.

5. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats í Öndverðarnesi 2 lóð 170143, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 10. mars 2015 þar
sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats
í Öndverðarnesi 2 lóð 170143, Grímsnes- og Grafningshreppi.
Bréfið lagt fram.

6. Beiðni um styrk frá nemendum í þýskuáfanga á þriðja ári Menntaskólans á Laugarvatni vegna ferðar þeirra til Þýskalands.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Birgittu Kristínu Bjarnadóttur,
dagsettur 14. mars 2015 þar sem óskað er eftir styrk til nemenda í
þýskuáfanga á þriðja ári ML vegna ferðar þeirra til Þýskalands
næsta haust. Sveitarstjórn hafnar styrkbeiðninni.

7. Bréf frá Skipulagsstofnun vegna tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015, skálasvæðis í Geitlandi og ísganga í Langjökli.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 4. mars 2014 ásamt tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 vegna skálasvæðis í Geitlandi og ísganga í Langjökli, Borgarbyggð. Lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um XXIX. landsþing Sambandsins.

Fyrir liggur bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 2. mars 2015 þar sem tilkynnt er að XXIX. landsþing Sambandsins verði haldið þann 17. apríl n.k. í Salnum í Kópavogi. Lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá Guðmundi Á. Péturssyni, framkvæmdastjóra Sólheima þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið sjái um rekstur götulýsingar á Sólheimum.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Guðmundi Á. Péturssyni, framkvæmdastjóra Sólheima, dagsettur 16. mars 2015 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið taki yfir rekstur / greiði götulýsingu í byggðahverfinu Sólheimum á grundvelli samræmis milli byggðakjarna í sveitarfélaginu.

Að sveitarfélagið greiði götulýsingu að Sólheimum er ekki til samræmis við aðra byggðakjarna í sveitarfélaginu þar sem byggðakjarninn á Borg og í Ásborgum er í eigu sveitarfélagsins og þar eru greidd gatnagerðargjöld, lóðarleiga/kaupverð ofl. til sveitarfélagsins. Sólheimar eru í einkaeigu og sveitarfélagið því hvorki skipulagt þann byggðakjarna né fengið tekjur af lóðarleigu, kaupverði eða gatnagerðargjöldum.

Sveitarstjórn hafnar fyrirbyggjandi beiðni.

Guðmundur Ármann Pétursson vék sæti við afgreiðslu málsins.

Þrástálundur í Þjóðbraut



Opið:
mánudaga - fimmtudaga 11:00 - 18:30
föstudaga og laugardaga 11:00 - 19:30
Sunnudaga 11:00 - 18:00

Verið velkomin
Sími 486-8686

Kerhólsskóli



SÓLMYRKVINN Á BORG

ORMSSTAÐIR



Fjölskyldurekið
svínabú

ÍSLENSKT SVÍNAKJÖT, beint frá bónda :)



Heimasala
Opið eftir samkomulagi

Sími 891-0932

Sjá www.ormsstadir.is

Við erum líka á facebook, Ormsstaðir,
Pantanir og allar upplýsingar í síma

894 - 0932 eða 486 - 4465

Tölvupóstur: ormsstadir@ormsstadir.is

Skemmtikvöld fyrir 50 ára og eldri

Æskulýðs- og menningarnefnd stendur fyrir skemmti-
kvöldi fyrir heldri borgara í félagsheimilinu,

mánudagskvöldið 20. apríl.

Húsið opnar kl 19:30 og verður boðið upp á
kaffi og með því.

Ábyrgjumst skemmtilegt kvöld svo endilega mætið.

Æskulýðs- og menningarnefnd

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 23. stjórnarfundar 02.03 2015.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 826. stjórnarfundar, 27.02 2015.
- ✓ Bréf frá Minjastofnun, dagsett 26. febrúar 2015 vegna umsagnar
stofnunarinnar við lýsingu á skipulagsverkefni vegna breytingar á
deiliskipulagi í landi Ölfusvatns, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:25



Stofnfundur

leikfélags

Grímsnes og

Grafningshrepps

verður haldinn 27. apríl kl 19:30

í Félagsheimilinu Borg.

Vonandi sjáum við alla áhugasama um leikfélag
mæta, hvort sem áhuginn liggur í að miðla list
og framkomu, leika, selja miða, sjá um búninga,
leikmynd, lýsingu, hljóð og bara allt annað sem
til fellur.

Að mörgu þarf að hyggja í leikfélagi og margar
hendur vinna létt verk.

Látið endilega sjá ykkur, þetta á að vera vett-
vangur sveitunga til að koma saman jafnt
ungir sem aldnir.

Stórt verkefni liggur fyrir vegna 50 ára afmælis
Félagsheimilisins.



Ungmennafélagið Hvöt.

Hver er ég?

Það hafa orðið miklar þjóðfélagsbreytingar síðustu 20 ár eða svo. Á þessum tíma hefur tækninni fleygt ört fram, afþreyingar og tómstundamöguleikar aukist og orðið mun fjölbreyttari. Íþróttaiðkun, dans og tónlistarkennsla eru ekki lengur það eina sem hægt er að eyða tímanum í á uppbyggilegan hátt. Hér áður fyrr fóru börn út að leika og unglingar fengu vinnu á sumrin og voru því ekki að slæpast og hanga allan daginn. Í dag er þetta breytt krakkar fara minna út að leika og eru sátt við að vera inni þar sem er nóg af innstungum til að hlaða öll þau afþreyingartæki sem eru í boði í nútímasamfélagi. Unglingar fá litla sem enga vinnu, nema þá unglingavinnu í 3 til 6 vikur á sumrin eftir því hvar þau búa á landinu „Það má jú ekki þræla þessari æsku út“. Eftir það tekur við dauður tími hjá mörgum unglingum sem stunda ekki skipulagðar tómstundir.

Á unglingsárunum skiptir okkur miklu máli að samsvara okkur við hópinn. Þetta er tíminn þar sem sjálfsmyndin er að þróast og við þurfum að finna okkur sjálf. Þarna skiptir hópurinn miklu máli fyrir unglinginn og hann vill vera eins og hinir. Hver hefur ekki heyrt setningu á við þessa „æji mamma það eiga allir svona nema ég“ eða „það mega allir fara nema ég“.

Það sem einkennir þessi ár er sjálfsskoðun og leitinn að lífstíl sem passar þeim. Unglingar spegla sig í öðrum og sækjast eftir staðfestingu vinanna á að þeir séu eftirtektarverðir og samþykktir innan hópsins. Þarna fara tilfinningar til hins kynsins líka að láta kræla á sér og unglingar fara að verða meira uppteknir af samböndum og því sem þeim tengist.

Á þessu skeiði er mikið um tilfinningasveiflur og mótþróa í samskiptum sem oftast en ekki leiða til samskiptavanda milli foreldra og unglunga. Miklar hormónasveiflur eiga sér stað á unglingsárunum og má líkja skapi unglunga við veðrið, alveg óútreiknanlegt. Mikilvægt er að þau finni að við foreldrar berum virðingu fyrir skoðunum þeirra og sýnum þeim skilning þegar þau leita til okkar. Sjálfstæðisbaráttan er á fullu og þau þurfa á því að halda að geta leitað til einhvers sem þau geta treyst.

Sumarfragnaður

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður auglýsir kótilettukvöld á Minni-Borgum

föstudaginn 24. apríl kl.19.00.

Verð 3000 kr. á mann.

Barinn opinn og bjór á 600 kr.

Allir velkomnir á notalega samverustund.

Vinsamlegast pantið í síðasta lagi þriðjudaginn 21. apríl hjá:

Gústa í síma 863-9131 eða Valdimar Inga í síma 893-0431

Með sumarkveðju frá Lionsmönnum



Verzlunin Borg

Opnunartími í vetur.

Mánud. - fimmtud. frá kl. 10:00-19:00

Föstud. og laugard. frá kl. 10:00-20:00

Sunnudaga frá kl. 11:00-18:00

*Öll almenn dekkjaþjónusta,
leitið verðtilboða.*

15. APRÍL NAGLADEKKIN UNÐAN

Verið velkomin - alltaf heitt á könnunni

Sími : 486-4408

Samband sunnlenskra kvenna

Kt. 550269-5709

Reikn.nr: 182-15-380610



Eins og venjulega er ýmislegt á döfinni hjá Sambandi sunnlenskra kvenna(SSK) – þar ber nú hæst, að hafinn er undirbúningur fyrir landsþing Kvenfélagasambands Íslands(KÍ). SSK mun verða gestgjafi og framkvæmdaraðili þingsins, sem er um leið aðalfundur KÍ. Þingið verður haldið á Hótel Selfossi dagana 9. - 11. okt. n.k. Yfirskrift þingsins er *Hækkum flugið – kosningaréttur kvenna í eina öld* – Gera má ráð fyrir að þetta þing sækir um 150-200 konur hvaðanæva að af landinu.

Af þessu tilefni ætlar Samband sunnlenskra kvenna að gefa út blað sem allir þingfulltrúar fá afhent við setningu þingsins og fá þeir um leið aukablöð til að dreifa í sín heimahéruð.

– Í blaðinu “Hækkum flugið” er m.a. fyrirhuguð margvísleg umfjöllun um þá fjölbreyttu þjónustu ferðaþjónustuaðila, fyrirtækja og stofnana sem er í boði í Árnes- og Rangárvallasýslum og getur blaðið því orðið mjög góð kynning fyrir þetta landsvæði.

Kvenfélagskonur innan SSK leggja mikið af mörkum til samfélagsins bæði með fjárframlögum og annarri sjálfboðinni vinnu sem ekki verður metin til fjár. Geta má þess að meginhluti þeirra fjármuna sem þær afla fer til málefna heima í héraði. Á árunum 2013 og 2014 veittu kvenfélögin innan SSK styrki til samfélagsins samtals að fjárhæð um **39 milljónir króna**, þar af fóru um **18,5 milljónir kr.** til heilbrigðis- og líknarmála, um **14,1 milljón kr.** til mennta-, menningar- og umhverfismála og um **6,4 milljónir kr.** til öldrunar-mála. Þessa fjár hafa kvenfélögin aflað með margvíslegri starfsemi og má nefna: basara, hlutaveltur, skemmtanir, kaffisölur, erfidrykkjur, bókaútgáfur o.fl.

Kvenfélagskonur munu á næstunni leita með bréfi til ferðaþjónustuaðila, fyrirtækja og ýmissa stofnana varðandi auglýsingar og umfjöllun í blaðið “Hækkum flugið”. Vonast er til að fyrrgreindir aðilar sjái hag sinn í að verða við þeirri málaleitan.

Allar frekari upplýsingar gefur Elinborg Sigurðardóttir formaður SSK, sími 865-2753 netfang: formadurssk@gmail.com

Það er okkur í sjálfsvald sett hvort þau treysta okkur eða ekki. Ef við gerum ekki lítið úr skoðunum þeirra og hugsunum, heldur hlustum og gefum ráð án þess þó að vera með yfirlæti, eru meiri líkur en minni á að þau leiti til okkar ef þau eru í vanda.

Það að eiga vini og tilheyra hóp er nauðsynlegt á þessu aldurs-skeiði sem og öðrum. Við höfum alltaf þörf fyrir félagsskap og að hafa einhverja til að deila áhugamálunum okkar með, hvort sem það er í gegn um skipulagðar eða óskipulagðar tímstundir. Mikilvægast er að reyna að nýta tímann okkar á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og njóta hans með þeim sem okkur þykir vænt um. Tímstundir eru eitthvað sem við nýtum alla ævi og um að gera að hafa þær jákvæðar og njóta þeirra einn eða með öðrum.

Hugrún Sigurðardóttir

Nemi í tímstunda og félagsmálafræði við HÍ

Kerhólsskóli

Stóra

Upplestrarkeppnin

för fram á Flúðum 18. mars.
Undankeppni var haldin í Kerhólsskóla 11. mars s.l og voru Jóhann Orri Rúnarsson og Jón Marteinn Arngríms-son valdir sem fulltrúar skólans í keppninni.



Þeir stóðu sig með miklum ágætum, lásu bæði texta og ljóð og voru skólanum sínum til sóma. Þeir Jóhann Orri og Jón Marteinn öttu kappi við jafnaldra sína úr Bláskógaskóla, Flúðaskóla, Flóaskóla og Þjórásarskóla og það voru þau Margrét María Ágústsdóttir úr Flóaskóla og Jónas Guðmundsson úr Flúðaskóla sem hrepptu 1. og 2. sætið.

Bókasafn og lestrarátak



Bókaþjóðin

Það er stundum minnst á það í hátíðarræðum að Íslendingar séu mikil bókaþjóð. Ég ætla ekki að taka neina sérstaka afstöðu til þess hér. Hins vegar get ég ekki stillt mig um að nefna það, að heimssöguleg skinnhandrit bókaþjóðarinnar voru á niðurlægingskeiði miðalda frekar höfð til annarra þarfa en lestrar, ef marka má frásagnir: Menn gerðu sér af þeim skó, bættu með þeim flikur, átu þau. Árni Magnússon (1663 – 1730) bjargaði því sem eftir var af handritunum og flutti til Kaupmannahafnar til varðveislu, eins og alkunna er.

Seinna miklu var farið að prenta bækur á Íslandi. Eftir að ný fræðslulög tóku gildi 1907 - þar sem kveðið var á um fræðsluskyldu - varð lestrarkunnátta með tímanum mjög almenn og bóklestur iðkaður með ágætum. Það hentaði fjarskalega vel að lesa í fásinnistilveru fyrri aldar, einkum fyrir daga sjónvarps og tölvu. Hins vegar mæltist það illa fyrir að fólk lægi í bókum sem kallað var. Slíkir bókaormar voru uppnefndir og kallaðir „ofvitar“. Þessu lýstu rithöfundarnir Halldór Laxness og Þórbergur Þórðarson í uppvaxtarsögum sínum, og byggðu á eigin reynslu.

Nú er svo komið að talið er að á Íslandi geti aðeins takmarkaður hluti skólanemenda lesið sér til gagns, og er það reglulega staðfest í PISA-könnunum. Bendir þá hver á annan – og það má treysta því að menntamálaráðherra kemur í sjónvarpið og lýsir þungum áhyggjum af ástandinu. Engar raunverulegar tillögur til úrbóta eru þó nokkru sinni lagðar fram. Úrræðin sem gripið er til í skólakerfinu er helst að þakka einstaka kennurum og starfsmönnum skólanna, sem ofbýður ástandið og fara sínu fram, hvað sem tautar og raular.

Hér í Kerhólsskóla er rekin lestrarstefna, sem hægt er að hafa til marks um að reynt sé að spyrna við fótum og efla lestrarkunnáttu skólabarnanna. Ég hef gert grein fyrir þessari lestrarstefnu áður hér í Hvatarblaðinu og vísa til þess - eða heimasíðu Kerhólsskóla, þar sem lestrarstefnan er vandlega kynnt sem sameiginlegt verkefni nemenda, kennara og foreldra.

Opinn dagur laugardaginn 30. maí 2015

Atvinnumálanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps auglýsir
**opinn dag í sveitarfélaginu laugardaginn
30. maí næstkomandi.**

Við hvetjum alla til að vera með og kynna sig og sitt, t.d. verktakafyrirtæki til að sýna tækin sín og aðstöðu, bændur til að bjóða fólki í útihúsin sín og fyrirtæki sem og einstaklinga til að bjóða fólki heim.

Það geta allir verið með – sýnum nú hvað við höfum mikið upp á að bjóða.

Áætlað er að hafa opna daginn frá 11- 16.

Við hvetjum alla þá sem hafa áhuga á að taka þátt að skrá sig annað hvort í síma 859-9557 eða í gegnum tölvupóst:

asavaldis@gogg.is



Bláskógabyggð og
Grímsnes- og Grafningshreppur



Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðva frá 1. september til 30. apríl

	Heiðarbær	Undarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur				14:00 - 16:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 16:00	
Miðvikudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Fimmtudagur			14:00 - 16:00	
Föstudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Laugardagur	10:00 - 12:00			14:00 - 16:00
Sunnudagur		11:00 - 13:00	14:00 - 17:00	

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jólada - Annan í jölum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.



Ljósmyndakeppni Grímsnes- og Grafningshrepps 2015

Atvinnumálanefnd kynnir fyrir ykkur ljósmyndakeppni
Grímsnes- og Grafningshrepps sem stendur frá
1. mars til og með 30. september 2015.

Flokkarnir eru eftirfarandi:

- ✓ **Landslagsmyndir** – allar landslagsmyndir teknar í sveitarfélaginu
- ✓ **Mannlífið** – sveitungar, viðburðir og daglegt líf í sveitarfélaginu
- ✓ **Frumlegasta myndin** – myndin verður að hafa þekkt kennileiti úr sveitarfélaginu í bakgrunni

Senda þarf myndirnar ásamt upplýsingum um hvar myndin er tekin, hvenær hún er tekin og nafn á ljósmyndaranum á karl@gogg.is fyrir 30. september.

Hægt er að senda inn eins margar myndir og hver vill. Tilkynnt verður um sigurvegara í byrjun nóvember og eru verðlaun í boði.

Hugmyndin á bak við keppnina er sú að safna myndum sem hugsanlega er hægt að nota í kynningarefni sveitarfélagsins sem og önnur verkefni t.d. dagatal, heimasíðu og fleira.

Áætlað er að halda ljósmyndasýningu í Sundlauginni á Borg í kjölfarið þar sem að myndirnar verða til sýnis.



Lestur á lestur ofan

Í fyrri skrifum minntist ég á að bókasafnskonurnar í Kerhólsskóla, Helga og Anna Margrét, hefðu „stokkið á vagninn“ þegar hófst Lestraráttak Ævars vísindamanns á haustdögum. Það er skemmst frá því að segja að áttakinu lauk 1. febrúar sl. Nú hefur átakið verið „gert upp“ hér í skóla, og niðurstöðurnar eru upplifgandi fyrir okkur öll sem störfum við skólann. Það eru raunar engin sérstök tíðindi, því bókasafnskonurnar eru alltaf að hugsa upp eitthvað spennandi til að ýta við og örva til dáða við bóklesturinn. Í því skyni hafa þær upphugað og skipulagt ævintýra- og þjóðsagna-þema, sem fór fram meðfram ýmsu öðru sem þó var á dagskrá.

Þá eru þær hreinlega á tánum og bregðast fljótt við ef utanaðkomandi aðilar láta í sér heyra, eins og dæmi Ævars vísindamanns segir til um. Og þótt útdráttur verðlaunahafa á landsvísu hafi ekki orðið okkar þátttakendum hagstæður, hafa nú verið veitt verðlaun fyrir bóklestur í Kerhólsskóla. Verðlaunin voru afhent á árshátíðinni. Einstaklingsverðlaunin hlaut Ísold Assa í 2. bekk, og sérstök hvatningarverðlaun hlaut fjölskylda Gunnars Snorra í 3. bekk. Fjölmargir aðrir stóðu sig undur vel, og hafa nú allir þátttakendur verið verðlaunaðir fyrir frammistöðuna með bókamerki – hvað er betur við hæfi?

Í október gerðu þær stöllur sér lítið fyrir og skipulögðu umfangsmikið upplestrarátak í tengslum við Norrænu bókasafnsvikuna. Þá var æfður upplestur á Múmínsnáðanum: Nemendur 5ta og 7unda bekkjar lásu fyrir alla í skólanum, og fengu þar með kærkomið tækifæri til þess að hefja undirbúning fyrir Stóru upplestrarkeppnina sem nú hefur farið fram, eins og lesa má um á heimasíðu Kerhólsskóla.

Bókakörfur

Allt þetta kallar á mikinn undirbúning af þeirra hálfu, bókasafnskvenna. Finna þær jafnan til bækur sem hafa tilefninu og láta í haganlegar tágakörfur. Að mörgu er að hyggja, því þær hafa hagsmuni „viðskiptavinanna“ að leiðarljósi, eins og nærri má geta, jafnvel þótt meginsteifið sé hið sama hverju sinni.

Mismunandi getu og áhugamál tilvonandi lesenda er þeim kappsmál að koma til móts við, og eru raunar ótrúlega lunknar við það – sumir nemendur fá sína eigin körfu.

Ef laumað er að þeirri hugmynd að ef til vill þyrfti að fara að hyggja að því að tilgreindur nemendahópur fengi til aflestrar bækur á tilteknu tungumáli – t.d. ensku - er óðara komið með körfu með úrvali léttlestrarbóka, sem hæfa lesendahópnum!

Það sem ég er að reyna að koma hér á framfæri, lesendur góðir, er að þessi þjónusta er ómetanleg og ætti að vera fyrir hendi í öllum skólum. Og þar með er ég raunar líka að segja að hún sé sjálf-sögd, og það má til sanns vegar færa - a.m.k. er vonandi að flestir skólar búi svona vel. Og auðvitað þurfa ráðandi aðilar og þeir sem um pyngjuna halda að leggja áfram af mörkum og búa svo um hnútana að bókasafnið verði æ betur búið að öllu leyti.

Fleiri ofvita!

Það er svo umhugsunarvert hvort ekki eigi að starfrækja meðfram, af fullri alvöru, eins konar almenningsbókasafn. Ég hef heyrt á það minnst að gaman væri að hafa hér einhvern kaffíkrók þar sem fólk gæti hist og borið saman bækur sínar! Og vissulega eru á kreiki hérna innanhúss hugmyndir um að þenja svolítið út bókasafnið og gera það aðgengilegra fyrir sveitungana, jafnvel gesti og gangandi – og þegar hafa svalirnar í Gilinu verið teknar undir bækur.

Kannski væri með þessum hætti hægt að „ala upp“ lesendur, gera þá margs vísari, gefa tómstundunum ríkara innihald, breyta viðhorfum og vekja til lífs almennari bókelsku? Er ekki mögulegt að færa bóklestur og lestrarkunnáttu til betra horfs, þrátt fyrir sjónvarp og tölvu? Svo vísað sé til þess sem stendur hér í upphafi greinarinnar: Mætti láta sér detta í hug að það sé hollt hverju byggðarlagi að koma sér upp hæfilegu magni af „ofvitum“?



Bjarni Þorkelsson,
kennari í Kerhólsskóla.



Nýju föt KEISARANS
MYND: PATRIK ÖRN
KERHÓLSSKÓLA



Ég lifi í draumi.....

Árshátíð Kerhólsskóla var haldin 25. mars sl. Eins og sést á leikskránni, kenndi þar ýmissa grasa. Fyrst var stórskemmtilegt samspil frá Tónlistarskóla Árnesinga, þar sem nemendur Kerhólsskóla spiluðu saman í hljómsveit, hver á sitt hljóðfæri, sýndu snilldartakta og gáfu tóninn fyrir tilþrif kvöldsins: Nefnilega meginþema hátíðarinnar, „draumar“. Allir nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn sungu saman Ég lifi í draumi. Nákvæmlega þetta er raunar búíð að ástunda vikulega í allan vetur, þegar komið er saman í Söng og samveru – með fjölbreyttu lagavali - svo segja má að það hafi verið hæg heimatökin. Síðan rak hver draumurinn annan, og voru túlkaðir af leikurum og söngvurum allra bekkjardeilda: Leikskólahópur og 1. bekkur lék Krummann á skjánum, allir nemendur í 5. – 8. bekk fluttu kátlegar vísur af mikilli kúnt. 1. og 2. bekkur setti upp frumsamið leikrit um Heilsugæsluna í Laugarási með kunnuglegum persónum úr hversdagslífinu, 3. og 4. bekkur snaraði fram Nýju fötum keisarans með tilheyrandi „búningum“, 5. og 7. bekkur settu á svið þjóðsöguna „Heimsku mennirnir“ þar sem aðalkeppnisgreinin var heimsku þriggja eiginmanna, og mátti vart á milli sjá – þar komu „búningar einnig við sögu, innan gæsalappa! 8. bekkur kynnti „draumana“, lék í fjölmörgum atriðum stórum og smáum, og tengdi allt saman með hugkvæmni og góðu skipulagi. Persónur á borð við Ingu sveitarstjóra, Sigmar skólastjóra, Mister, Hjört, Lindu, Rut og Lýð lækni lifnuðu við á fjölnum í kostulegri túlkun leikaranna. Kunnuglegir voru ýmsir taktar og frasar á borð við þessa: Horfðu í augun á mér! Lítur út fyrir að ég sé að grínast! Reglulega var svo sungið, eins og áður er lýst: Sveitapiltsins draumur, Dvel ég í draumahöll, Er birtist mér í draumi – og svo endað á Ég lifi í draumi, og samkoman þannig látin bíta í skottið á sér, svo sem eins og til að minna á hvort þetta væri ekki áreiðanlega allt saman listilega ofín draumaflétta! Ég get ekki stillt mig um að geta þess, hve þétt og vel kennarar og starfsfólk Kerhólsskóla stendur saman að svona stóru og ögrandi viðfangsefni eins og árshátíðin óneitanlega er.

Kerhólsskóli

Ögrandi er hún auðvitað fyrst og fremst fyrir nemendur, sem takast á við sjálfa sig í stóru og smáu, stækka og eflast af þeim signum sem þeir vinna í öllu æfinga- og sýningaferlinu, bjóða birginn öllu því uppburðarleysi sem kraumar í einu mannshjarta, vinna bug á veikleikum sínum, efla með sér einurð og dug, hækka röddina, verða skýrmæltari en nokkru sinni og upplitsdjarfir eftir því – opna sig í leik og söng. Og það er vissulega gefandi að taka þátt í og vera hluti af þeirri stóru fjölskyldu sem kennarahópurinn og stafsfólk skólans verður þegar svona reynir á. Allir hafa hlutverk eða finna sér hlutverk við að gera allt úr garði af listfengi og metnaði – og það sem mest er um vert: Allir hjálpast að, enginn er eyland.

Gömul hending úr Fákum Einars Benediktssonar rifjast upp - og gildir um alla sem tóku þátt í þessari árshátíð, gildir raunar um allt skólastarfið:

Maðurinn einn er ei nema hálfur með öðrum er hann meira en hann sjálfur.....

Bjarni Þorkelsson, kennari í Kerhólsskóla..



Kerhólsskóli

